

AUGLÝSING

um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Þrastarhöfði - skipulagsmörk, deiliskipulagsbreyting – Íb124.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér að mörk skipulagssvæðisins eru aðlöguð að nýju deiliskipulagi 1. áfanga Blikastaðalands. Breytingin byggir á skörun eignamarka við aðliggjandi land, L123618, og er í samræmi við framsettar forsendur og umfjöllun í greinargerð deiliskipulags Blikastaðalands.

Selmerkurvegur 68, deiliskipulagsbreyting – F531.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið málsmeðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér að byggingarheimildir eru uppfærðar í samræmi við aðalskipulag Mosfellsbæjar.

Ofangreindar skipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Mosfellsbæ, 16. júlí 2026.

Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 20. júlí 2026